

Aðalfundur Félags náms- og starfsráðgjafa 3. maí 2023



Fundargerð

Fundurinn haldinn í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði og á zoom.

Mættir: Sjö félagsmenn á staðnum og 24 á zoom, auk stjórnar.

Kosning fundarstjóra og fundarritara

Helga Tryggvadóttir kosin fundarstjóri og Greta Jessen kosin fundarritari

1. mál. Skýrsla stjórnar

Jónína Kárdal formaður kynnti skýrslu stjórnar. Hún verður birt á vef FNS innan skamms. Í skýrslunni eru upplýsingar um störf stjórnar, rekstur félagsins og störf nefnda og ráða.

2. mál. Ársreikningar félagsins

Hildur Björk Vilhjálmisdóttir gjaldkeri gerði grein fyrir að vegna athugasemda frá endurskoðanda reyndist ekki unnt að ljúka við gerð ársreiknings fyrir aðalfundinn.

3. mál. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins

Umræður um skýrslu stjórnar: Ekki var hægt að bera upp samþykkt því ekki var búið að birta skýrslu stjórnar. Ársskýrslan hefur ekki verið birt því fjárreiður vantar.

Skýrslan afgreidd en ekki borin upp til samþykktar.

Borin upp sú tillaga að fá leyfi fundarins til að fela gjaldkera og formanni félagsins að ganga frá reikningi félagsins og birta á heimasíðu félagsins. Tillagan samþykkt.

4. mál. Lagabreytingar

Breyting á 4. grein, viðbót, liður 4:



4. Meistaránemar í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands geta sótt um aukaaðild að félaginu. Aukaaðild gildir í tvö starfsár og fellur niður að þeim tíma loknum.

Full aðild að FNS gefur réttindi til að gegna ábyrgðarstörfum innan félagsins og kosningarétt á aðalfundi og félagsfundum.

Þeir félagsmenn sem hafa nú þegar fulla aðild að félaginu halda henni.

Inntökubeiðni í Félag náms- og starfsráðgjafa skal vera skrifleg og skulu fylgja með upplýsingar um prófgráður eða stöðu í meistaranámi, starfsheiti og vinnustað þar sem það á við.

Lögð fram breytingatillaga á lagabreytingu:

Orðalagsbreyting: Í stað félagsmanna verður ritað félagsfólks og á það við um lög félagsins í heild. Samþykkt.

Breyting á 4. grein laganna um aukaaðild samþykkt.

Samþykkt að fela stjórn að tilgreina nánar hvað felst í aukaaðild.

Samþykkt að bæta inn í „eða stöðu í meistaranámi“

5. mál. Nefndarstörf

Dagskrárlið sleppt.

6. mál. Umræður og afgreiðsla mála

Dagskrárlið sleppt.

7. mál. Kosning stjórnar, fræðslunefndar, kjaranefndar, siðanefndar, upplýsingar- og kynningarnefndar og fagráða

Stjórn

Jónína Kárdal (NSHÍ) er kosin formaður



Áframhaldandi eru Helga Valtýsdóttir (Flensborg), Hildur Björg Vilhjálmsdóttir (aðjúnk við HÍ), Greta Jessen (Langholtsskóli) og Jóhanna María Vignir (Gerðaskóli). Hrönn Grímsdóttir og Heimir Haraldsson hætta í stjórn og var þeim þakkað fyrir þeirra störf. Nanna Imsland (ME) og Fríða Hrönn Halldórsdóttir eru nýjar í stjórn.

Stjórnarkjör borið undir fundinn. Stjórnarkjör samþykkt.

Uppstillinganefnd, sem í voru Guðrún Karlsdóttir, Ólöf Helga Þór og Hrönn Baldursdóttir, var þakkað fyrir þeirra störf.

Fræðslunefnd

Hildur Ýr Gísladóttir, Hildur Ingólfssdóttir, Hrönn Grímsdóttir, Klara Guðbrandsdóttir og Lýdía Sigurðardóttir gefa kost á sér í fræðslunefnd. Samþykkt.

Upplýsinga og kynningarnefnd:

Sigrún Fjeldsted gefur kost á sér. Samþykkt.

Hér vantar tvo fulltrúa.

Fagráð grunnskóla

Fríða Hrönn Halldórsdóttir og Ásthildur Guðlaugsdóttir gefa kost á sér. Samþykkt.
Hér vantar einn fulltrúa.

Fagráð framhaldsskóla

Halla María Halldórsdóttir og Guðrún Sigríður Guðmundsdóttir gefa kost á sér.
Samþykkt.

Fagráð Háskóla

Hildur Katrín Rafnsdóttir (HR) heldur áfram. Samþykkt.
Hér vantar einn fulltrúa.

Fagráð atvinnulífs

Álfhildur Eiríksdóttir og Erna Guðbjörg Árnadóttir halda áfram. Guðrún Vala Elísdóttir gefur kost á sér. Samþykkt.



Kjaranefnd

Árný Þóra Ármannsdóttir (HA) og Ásdís Birgisdóttir (MH) halda áfram. Samþykkt.

Hér vantar fulltrúa úr grunnskóla og atvinnulífinu.

Siðanefnd

Ingibjörg Pálmadóttir og Ágústa Björnsdóttir gefa kost á sér. Samþykkt.

Hér vantar tvo fulltrúa.

8. mál. Önnur mál

Lokun næstaskref.is í dag 3. maí. Aðalfundur FNS sendir frá sér ályktun um lokun næstaskref.is. Ályktun samþykkt og greinagerð verður send með.

Lokaorð formanns: Jónína þakkar það traust sem henni er sýnt sem formanni og þakkar nefndarfólki fyrir vel unnin störf og óskar nýjum stjórnarmönnum velfarnaðar.

Fundi slitið klukkan 14:50.

Fundarritari: Greta Jessen